Stjórnarfundur FEB nr. 525 þriðjudaginn 2. júní 2026 kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir.
Mættir varamenn: Hörður Hilmarsson og Jóhann Gunnar Ásgrímsson.
Fjarverandi: Guðrún Bergmann, Sigrún Unnsteinsdóttir og Kristján Guðmundsson.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB og
Gestur: Þorkell Sigurlaugsson kom með kynningu inn á fundinn og vék af fundi eftir lið nr. 1.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. **Kynning á samtökunum „Spítalinn okkar"**
   Þorkell Sigurlaugsson kynnti samtökin „Spítalinn okkar" fyrir fundarmönnum. Tilgangur þeirra er að styðja við þróun, nýbyggingu og endurnýjun Landspítalans, þannig að húsakostur, tæknibúnaður og aðstaða sjúklinga og starfsfólks þjóni kröfum nútímans og framtíðarinnar. Í samtökunum eru nú um 800 einstaklingar. Góðar umræður urðu um kynningu Þorkels og kom margt upplýsandi fram hjá honum í því sambandi.

2. **Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð**
   Fundarmenn samþykktu og undirrituðu fundargerð síðasta stjórnarfundar.

3. **Staðan að loknum kosningum**
   Formaður innleiddi umræður um áherslur nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavikur hvað varðar málefni félagsmanna í FEB. Hann kom sérstaklega inn á þá kröfu FEB um að félagið fái á nýjan leik þrjá fulltrúa í öldungaráð Reykjavíkur.

   Sjálfstæðisflokkurinn mun leiða meirihluta borgarstjórnar eftir nýafstaðnar borgarstjórnarkosningarnar. Meirihlutaskipti í borgarstjórn Reykjavíkur eru í dag.

   Fyrir kosningar gaf Sjálfstæðisflokkurinn út einblöðung með yfirskriftinni „STRAX – Efri árin". Þar voru áhersluatriðum þeirra fyrir eldra fólk raðað niður í tímaröð, einhver atriði eiga að vera afgreidd innan 100 daga, þau næstu eftir 12 mánuði og þau síðustu skulu afgreidd innan kjörtímabilsins. Þessi stefnumörkun leiðandi flokks í borgarstjórn Reykjavíkur er gott verkfæri fyrir stjórn FEB að hafa til að fylgja þessum áherslum eftir. Vænta má frétta seinna í dag eftir fyrsta fund nýrrar borgarstjórnar. FEB mun fylgjast með framvindu mála hvað varðar efndir á þeim atriðum sem tilgreind eru á listanum.

4. **Fréttir frá formanni**
   Formaður skýrði frá fundi fulltrúa LEB með heilbrigðisráðherra sem fór fram fyrir tveimur vikum síðan. Þar var meðal annars rætt um mikinn kostnað aldraðs fólks við kaup á heyrnartæki. Stuðningur ríkisins til kaupa á heyrnartækjum hérlendis er að hámarki 10% (að hámarki 60.000 kr) sem er miklu lægri en í öðrum norrænum nágrannaríkjum. Einnig var rætt um biðlista vegna augnsteinaaðgerða og hve nauðsynlegt væri að bregðast við þeirri stöðu og stytta biðlistana með tiltækum ráðum.

Í þriðja lagi var rætt við heilbrigðisráðherra um þá stöðu þegar læknar verða þess áskynja um að aldrað fólk verði fyrir ofbeldi. Heilbrigðisráðherra talda enga ástæðu til að bregðast sérstaklega við því, þar sem túlkun laganna hefði verið yfirfarin með hliðsjón af því atburðum sem gerst hafa í þessu sambandi. Fundarmenn ræddu að nauðsynlegt væri að fá endurgjöf frá læknum (heilbrigðisfólki) um hvort í dag þeim fyndist nægjanleg heimild fyrir hendi til að taka frumkvæðið sjálf ef þau yrðu vör við ofbeldi gagnvart eldra fólki. Formaður ætlaði að ganga í þau mál.

5. **Gjaldskrá Húsdýragarðsins**
   Breyting hefur nýlega verið gerð á gjaldskrá Húsdýragarðsins á þann veg að nú þurfa eldri borgarar að greiða aðgangseyrir að Húsdýragarðinum en aðgengið var áður án endurgjalds. Þessi breyting nær einungis til eldri borgara en ekki öryrkja sem hafa frítt aðgengi eins og áður. Þessu hefur LEB mótmælt harðlega.

6. **Hlé gert á stjórnarfundum í sumar**
   Lagt er til að hlé verði gert á stjórnarfundum FEB það sem eftir lifir sumars og að næsti stjórnarfundur verði þriðjudaginn 1. sept. – nema eitthvað óvænt komi upp á og þá verði boðað sérstaklega til þess fundar.

7. **Önnur mál**

   a. Rætt var um mismunandi útfærslu öldungaráða hjá sveitarfélögunum sem kom í ljós á aðalfundi LEB. LEB hefur sett vinnuhóp á laggirnar til að vinna að útbótum á þessari stöðu. Vinnuhópurinn mun framhalda störfum sínum í haust að afloknu sumarfríi. Starfshópur um öldungaráð á vegum FEB mun biðja formann LEB um að senda bréf sem allra fyrst til allra sveitastjórna á landinu og ítreka með að þar sé starfandi öldungaráð í samráði við það sem segir í lögum um málefni aldraðra. Bréfið er í síðustu yfirferð hjá hópnum. Í haust mun svo starfshópurinn taka upp þráðinn á ný og fara vel yfir með fulltrúum FEB um allt land hvar pottur er brotinn í þessum efnum.
   b. Formaður sagði frá málefnum sem tekin voru fyrir á síðasta stjórnarfundi LEB.
   c. Formaður skýrði frá erindi frá Úrval Útsýn þar sem farið var fram á samstarf við að skipuleggja ferðir til Tenerife og jafnvel fleiri staða. Ljóst er að ferðaskrifstofa FEB, FEB-ferðir, starfar á frjálsum markaði og skiptir við þá ferðaþjónustuaðila sem þeim finnst hagstæðir hverju sinni.

Fleira ekki tekið fyrir.
Formaður sleit fundi kl. 15:20.
Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðunn Júlíusson